

151. löggjafarþing 2020–2021.

Þingskjal 39 — 39. mál.

**Ályktun stjórnar Íbúasamtaka Miðborgar Reykjavíkur um tillögu til þingsályktunar um þjóðaratkvæðagreiðslu um framtíð Reykjavíkurflugvallar:**

Stjórn ÍMR telur spurninguna sem leggja á fyrir kjósendur of leiðandi, að tillagan sé aðför að skipulagsvaldi sveitarfélags og bendir á að gerður hefur verið samningur milli ríkis og borgar um að Reykjavíkurflugvöllur víki.

Vatnsmýrin hefur verið landingarstaður flugvéla frá árinu 1919 en hann fékk núverandi mynd á stríðsárunum. Þá var Reykjavíkurflugvöllur á opnu svæði og fjær byggð en núna liggja þéttbýlustu hverfi höfuðborgarsvæðisins að vellanum. Stöðugt hefur verið þrengt að vellanum með byggingum á undanförunum áratugum og flugvélar orðið stærri og öflugari. Í gegnum tíðina hafa orðið mannskæð flugslys á vellanum og í nágrenni hans og ljósi ofantalins má vera ljóst að hættan á því að það gerist aftur hefur ekki minnkað. Benda má á að borgir eins og Berlín, London og Rotterdam hafa verið að leggja niður eða minnka notkun á sambærilegum flugvöllum.

Samrit sent þingmönnum Reykjavíkur norður

Kær kveðja

F.h. Íbúasamtaka Miðborgar Reykjavíkur

Benóný Ægisson formaður